Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1889-1946, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Suður- Þingeyjarsýsla – Húsavíkurhreppur – Grímsey – Þórshöfn – Skálar á Langanesi – Guðmundur Einarsson Þórshöfn – Stefán Einarsson Akurseli – Svalbarðshreppur – Litlalón – Hólahólar – Dritvík – Presthólahreppur – Grashóll – Litlalón – Breiðavíkurhreppur – Hítará – Vonarstræti 12 – Laugavegur 18 – Ráðagerði – Seltjarnarnes

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-9, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Hr. Alþm. Benedikt Sveinsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit!

# Lýsing
## á jörðinni Ráðagerði á Seltjarnarnesi

Ráðagerði liggur 3¼ km. frá miðbæ Reykjavíkur (Aðalstræti) eða 45 mínútna-gangur. Allur vegurinn bílfær heim á hlað í Ráðagerði.

Jörðin er 8 hundr. að fornu mati (þá með meira en hálfu minna túni en nú) Fasteignamat nál. 16 þús. kr. Þá í óskiptu landi frá gamalli tíð, eins og aðrar jarðir hér á Nesinu. Nú er jörðin útskipt (1920) og bætt síðan, og allt landið girt. Matjurtagarðar utantúns o. fl. Árið 1909 var jörðin virt samkvæmt fyrirliggjandi skjölum á rúm 15000 kr. til veðdeildar.

Túnið er 8 dagsláttur, allt sléttað og gefur af sér í venjulegu árferði 120 hesta (200 pd.), en bezt hefir túnið gefið af sér 150 hesta. Túnið talið bezta túnið á Nesinu.

Matjurtagarður um 300 fer. faðma er í túninu girtur vír, og gefur af sér allt að 20 tn. kartöflur. Matjurtagarður við túnfótinn um 140 fer. faðm. (Sandgarðar). Hann er nýr, og kringum hann að mestu hlaðinn garður.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sett í hann sumul. helfan í vor, spratt sæmi-
lega (ómælt). Áburður tekinn í garðinn úr
fjósinu sett hjá. Túnið er algirt. Mótak
í óskiptu landi.

Útlandið er samtals um 19 dagsláttur
(tekið til af öllu landinu) um 12 dagsláttur eru
við túnið, út frá því, mest allt náttúruslétt og
grasgefið. Lengra frá (um 10 mínútna gang frá
bænum) eru 6 dagsláttur melur og grýtt gras-
lendi. Hafrar og kartöflur ræktaðar í þessu svar
meðferð hér á nesinu.

Þessutan á jörðin sérstakan blett rétt hjá
þessum mel, þar sem áður voru flagmóar. Það
er vel girt (5 strengir) og hálfræktað. Hefir verið
sáð í sumt grasfræi en sumt til rófna ávaxta.
Nú slegið og beitt. Bletturinn er um 1100 fer-
faðma.

Jörðin á svo í óskiptu landi, graslendi og
mólendi kringum tjörn og í tjörninni.

Þetta verður nefnist grandar, og er tjörn á
báðar hliðar við tjörnina. Þessir grandar eru
framtíðar blettir til útiræktar [illegible]

í stórum stíl. Tjörnin er grunn og botninn
djúp áburðarleðja, rotin þari. Þetta mun
mega nota síðar.

Allt útlandið er vel girt gaddavír.

Hér er frá gamalli tíð ágæt hrognkelsa-
veiði rétt fyrir framan landsteinana, og
hin bezta þarataka. Þarinn liggur hér
lengi, og fá aðrir Nesbúar þaratöku að
velvilja í Ráðagerði. Við sjóinn er líka
gamall saltfiskreitur til fiskverkunar, nú
ekkert notað, en mætti koma því aftur upp, ef
það þá borgaði sig á þessum tímum.

Aðal-hlunnindi sem jörðinni er nú að á-
skotnast er sandtakan til Reykjavíkur. Þar
(í Rvík) er sandtakan að þrjóta, en hér mikill
sandur og möl fyrir landinu. Sandtakan
hófst í júlí 1922, og varð sú tekjugrein
fyrir ábúanda á 7. hundrað kr. Nú búist
við, að sandtaka byrji í apríl, og þegar lítið
byrjað þegar veður leyfði. Hér er sandur fyrir
Rvík um ófyrirsjáanlega langan tíma.
Miðbæjar [illegible] Rvík [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

takan, í Ráðagerði og hér í öðrum bæ, sem hafa notandi steypisand.

Íbúðarhús að mestu frá 1906. Íbúðarhúsið 14 x 12 álnir, porti og bakbyrstur með uppgang á loftið. Niðri eru 3 stór herbergi, eldhús, búr og forstofa. En uppi 4 herbergi, þar af 2 stór, og þar yfir hanabjálkaloft um 3 álnir hátt. Undir húsinu kjallari, þar í eitt herbergi að mestu þiljað. Vatnsleiðsla er úr brunninum í húsið og fjósið. Fjós og hlaða er 10 + 14 álnir, og undir fjósi (steinfjósi) er steinsteypuð for fyrir mykju og þvag. Hús og fjós með hlöðu virt fyrir 20 þús. kr. Hefi leigt uppi 2 herbergi fyrir 20 kr. á mánuði. Á milli þeirra er lítið eldhús. Húsið bjart, og allt úr vel þykkum borðum viði og kolsalli fyllt.

Nú bið ég öll lýst rétt, að viðlögðum drengskap

vottar

Sigmundur Þórólfsson →

Sigmundur keypti Ráðagerði síðar fyrir 45 000 kr. (?)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit.

Samkvæmt útnefningu herra bæjarfógetans í Reykjavík Halldórs Daníelssonar höfum við undirskrifaðir skoðað og metið hús Bjarna Jónssonar snikkara, Laugaveg 18. — Húsið er 20½ × 15 álnir, vegghæð 10¾ al., ris 6½ alin, með 2 kvistum 6 × 9 ferálnir hver, byggt af binding, klætt 5/4" borðum, pappa og járni nr. 24, lagt á lista. Austurgafl er eldtraustur og er utast honum asfaltpappi utan á 5/4" borðum, sem grindin er klædd með. Á efra lofti er útskot eða Verande 2 × 4 álnir, hæð 5½ alin.

Í húsinu eru 10 íbúðarherbergi, 3 geymsluherbergi, 1 eldhús, 4 gangar og 1 stór sölubúð, 8 ofnar, 1 eldavél, 2 reykháfar, báðir tvöfaldir.

Kjallari er undir öllu húsinu hæð 2 álnir, hólfaður í þrent. Við suðurhlið hússins er skúr 4¼ × 4½ alin, hæð 10½ alin, byggður eins og húsið; þar eru 2 gangar, 1 búr og 1 fastur skápur, allur þiljaður og málaður. Þetta hús er að ýmsu leyti betur byggt en byggingarsamþyktin mælir fyrir, svo sem þiljað í binding með sagspæni og 1½" borð í gólfum og fleira. Ofangreint hús virt á - - - - - - Kr. ca. 23000,oo

Fyrir sunnan íbúðarhúsið er smíðahús 9 × 9 álnir, vegghæð 4 álnir, ris 3 álnir, bygt af binding, klætt borðum, pappa og járni, lagt á lista á 3 vegu. Suðurgafl er eldtraustur. Í húsinu er smíðaherbergi með eldavél 4 herbergi, 1 þvottahús með potti og 2 gangar, 1 múrpípa. Efst er einn geimur. Alt annað þiljað. Kjallari er undir tæplega hálfu húsinu, hæð 2 álnir, með steyptu gólfi, virt á - - - - - Kr. 3600,oo

Ennfremur geymsluskúr 7 × 4 ál., hæð 3 álnir, byggður af binding, klæddur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

utan með borðum og járni, með eld-
varnargafli, virt á . . . . Kr. 400,00
Lóðin, sem húsinu fylgir er
645 feralnir, öll umgirt með 4 ál.
háum veggjum úr steinsteypu, einnig
er sementerað alt portið og þar er
brunnur; virt á . . . . Kr. 3225,00
Framan- og ofanskrifaða eign álítum
við að geti gengið kaupum og sölum fyrir
Krónur 30225,00.

Reykjavík 28. Marz 1906.

Jóhannes Jósefsson. Friðrik Bjarnason.

Rétt eftir rit
[signature]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/1925 — V. 2184

# Útskrift úr Fasteignamatsbók Reykjavíkur.

№ 1491

Fasteignamat í Reykjavík 1916—1918.

Gata og númer: Vonarstræti No 12

Eigandi: Þórður Bjarnason

Timburhús með útbyggingu allt járnklætt utan 6 faldir loft 4 föld. Flatarm. 153,1 + 45,3 (útbygg) = 198,4 fm.

Stærð lóðar: 488,2 fermetrar. Lega lóðar: Við götu. ~~Baklóð.~~

Til hvers óbyggða lóðin er notuð: blómgarður

Mannvirki á lóðinni: tré og steingirðing

Árstekjur eignarinnar, samsvæmt skriflegri / munnlegri skýrslu eiganda: Kr.

~~Síðasta söluverð: Kr.~~ Veggh. undir húsinu 7,7 m. Ris 5,8 og 3,8 (útb.) ris 0,3 m. Kjallari undir öllu húsinu og útbyggingu 2,2 m.

Brunabótavirðing: Kr. 50920,00 ÷ 8000,00 (grunnur) Virðing til lántöku: Kr. 57952,00 ÷ 8000,00

Húsið, ásamt útihúsum, er metið . . . . . . kr. 55119,00

Lóðin er metin kr. 20,00 pr. fermeter, alls — 9764,00 — 18100

Mannvirki á lóðinni eru metin . . . . . . . . . — 617,00

Eignin öll er metin . . . . . . . . Samtals kr. 65500,00

Fasteignamatsnefnd Reykjavíkur 21 dag marz mán. 1919.

*Eggert Claessen, Sig. Thoroddsen, Sigurjón Sigurðsson.*

Mjer undirrituðum eiganda / umráðanda ofangreindrar fasteignar hefur verið gefinn kostur á að koma fram með þær skýringar, er jeg hef óskað að teknar væru til greina við mat eignarinnar.

Reykjavík 21 dag marz mán. 1919.

Gjald:
1. Ritlaun . . . kr. 1,00
2. Stimpilgjald . — 0,50

Samtals kr. 1,50

Ein króna og fimmtíu au.

Greitt.

Rjetta útskrift staðfestir

Bæjarfógetinn í Reykjavík 3/3 1925

p.t.b.

Páll Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mér greiddar Kr. 50.00 í útsvar til Breiðuvíkurhrepps á Snæfellsnesi, sem hér með kvittast fyrir.

p.t. Reykjavík 14/10 '44

Ólafur Benediktsson

Þetta er fyrir árið 1944, útsvar, sem lagt er á eigendur Hólahóla.

B. Bo.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir mína hönd og annarra eigenda Hólahóla ~~teig~~ heimila ég hér með öll lögleg not rekans fyrir Hóla- og Héðralóns landi frá þessum tíma til ársloka 1946 herra Ólafi Benediktssyni oddvita að Arnarfelli við Stapa fyrir 100 – eitthundrað – króna endurgjald. (Upp í þetta eru greiddar 50 kr., – útsvar til Breiðavíkurhr. lagt á fyrir árið 1944).

Reykjavík, 13. október 1945.

Benedikt Sveinsson.
Skjalavörður.

Samþykkur
þ. m. s.
Ólafur Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Veiðileyfi.

Hér með veiti ég herra Einari Eyjólfs-syni rétt til þess að nota veiðirétt minn fyrir öllu Moldbrekku-landi í Hítará. Nær réttur þessi til lax- og silungs-veiða með hverskonar löglegum veiðarfærum, svo og nauðsynlegrar umferðar með ánni, hesta-beitar og tjaldstæðis ef með þarf, endur-gjaldslaust til Moldbrekku-bónda, allt samkv. þinglesnu afsalsbréfi hr. Sigur-bergs bónda á Moldbrekku. Það skal tekið fram að veiðirétturinn nær upp að Kattarfossi samkv. fyrrnefndu afsalsbréfi.

Veiðileyfi þetta stendur einn eða tvo daga, eftir þörfum, nú í vikunni næstu.

Reykjavík 24. ágúst 1935.

Benedikt Sveinsson.
Skólavörðust. 11 A.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2le júlí 1935

# REIKNINGUR

til Hr Benidikts Sveinssonar (Eiganda Lóðarlóns

frá Brunabótafjel. Íslands

| 193 | | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|
| | Fyrir árið 1934. | | | |
| | Iðgjald | | 1. | 19. |
| | Skírt. gjald | | . | 50. |
| | Virðingargjald | | 4. | 50. |
| | | Alls | 6 | 19 |

Gunnar Kristófersson
(umboðsm.)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hellnum 26/7 1935.

Herra

Benidikt Sveinsson!

R.vík.

Með því að ábúandi Litlalóns í Breiðavíkurhreppi neitar að greiða meðf. reikning, sný eg mjer til yðar með gjald þetta ef þjer viljið greiða það fyrir hans hönd og má þá greiða það til aðalskrifstofu fjel. í Reykjavík og sína meðf. reikning

Bið eg yður gera svo vel og lofa mjer með næsta pósti að vita hvort þjer greiðið gjald þetta nú, og eftirleiðis sem þá verður kr. 1.19 au.

Virðingarfyllst

Gunnar Kristófersson

Hellnum Breiðuvíkurhreppi.

Til

hr Benidikts Sveinssonar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra

Benidikt Sveinsson

Skólav.stíg 11. A.

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sýslumaðurinn
í Þingeyarsýslu

Kunngerir: Með því að ábúandinn á landsjóðs-
hjáleigunni Grashóli í Presthólahreppi, Jóhannes
Friðbjörnsson, hefir beiðst kaups á þessu ábýli sínu,
og með því að hlutadeigandi sýslunefnd telur ekkert
athugavert við sölu þeirrar jarðar, þá eru hérmeð,
samkvæmt fyrirmælum 7. gr. laga Nr. 31. frá 20. Okt. 1905
útnefndir þeir Árni Árnason oddviti í Raufarhöfn
og Jón Ingimundsson bóndi á Brekku til þess að virða
nefnda jörðu til peningaverðs. Ber þeim að gefa út
skriflega lýsingu og matsgerð, er þeir síðan staðfesti
með eiði fyrir rétti.

Til staðfestu undirritað nafn, og inn-
sigli Þingeyarsýslu.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu
Húsavík, 21. Júní 1915

Steingrímur Jónsson

Gjald 1 - ein - króna.
Bng. Sy.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af fyrirspurn frá Jóhannesi Friðbjarnarsyni í Grashóli: Látum við í ljósi, að við lítum svo á, að kaupstúnið Raufarhöfn hafi ekki skilyrði til að vera svo, að það hafi þörf fyrir jörðina Grashól.

Ásmundarstöðum 5. Desember 1921

Árni St. Jónsson

Jón Árnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Þingeyjarsýslu

Húsavík, 3. Nóv. 1919.

Stjórnarráðið hefir með bréfi 14. þ. m. falið mér að tilkynna yður, að það, að athuguðum öllum málavöxtum, hafi afráðið að selja ekki ábúðarjörð yðar, Grashól, sem þér hafið beiðst kaups á.

Steingrímur Jónsson

Herra Jóhannes Friðbjarnarson
Grashóli

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit.

Þann 19. nóv. 1918 vorum við undirritaðir staddir á Grashóli í Presthólahreppi til þess eftir skipunarbrjefi frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu dags. 21. júní 1915 að virða jörðina Grashól til peningaverðs samkv. lögum um sölu þjóðjarða frá 20. október 1906.

Ábúendur Grashóls og Raufarhafnar hafa komið sjer saman um landamerki þau er hjer greinir á milli jarða þeirra.

Úr Sellæk, þar sem hann fellur í Deildará, í vörðu austan við Seltjörn, og þaðan í vörðu á vesturbrún Langajarðbakka. Þaðan í Hvannlæk neðan við Grænuhöll, svo eftir Hvannlæk í Hvanntjörn og svo úr seyru sem rennur Hvanntjörn beina stefnu í Hólmavatn.

Landrými jarðarinnar er allmikið og landgæði eru fyrir búsmala á sumrin og eins til vetrarbeitar þegar í það næst, en þar er snjósælt og tekur einna fyrst fyrir jörð í þessu bygðarlagi. Engjar liggja víða um landið og er það mest flóaheyskapur og víðast hvar heyvont og tafsamt að heyskap að vinna sökum bleytu og rótleysis. Hvergi hægt að heyja mikið í stað. Vegleysur og vondur heybandsvegur. Engjarnar spretta ekki árlega svo það verður að tví- og þrískifta þeim; er því ekki hægt að slá sama blettinn nema annað og þriðja hvert ár. Heyskapur í meðalári mun vera hjer um bil 300 vættir. Túnið er mikið sljett, ræktað að miklu leyti upp úr mel, jarðvegur er því þunnur og það er ekki grasgefið. Stærð þess er talin 4½ dagslátta og gefur það af sjer í meðalári um 45 vættir af töðu.

Mótak er í landinu, en mórinn er grunnur, aðeins 3 stungur, mjög leirblandinn og því slæmur til eldsneytis.

Lítilsháttar silungsveiði er í vatni skamt frá bænum.

Jörðin nær hvergi til sjávar, henni fylgja heldur ekki hús eða kúgildi.

Eftirgjald jarðarinnar er, samkvæmt byggingarbrjefi 50 al. á landsvísu, og jarðabótakvöð að byggja árlega 3 faðma af stæðilegum túngarði.

Land jarðarinnar metum við á ellefu hundruð krónur (kr. 1100.oo)

p. t. Grashóli, 19. nóv. 1918.

Árni Árnason. Jón Ingimundarson.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið
Ad Dagb. 6 nr. 440

Það vottast hjer-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með, að samkvæmt dómsmálabók Þingeyjarsýslu staðfestu hinir útnefndu virðingarmenn, Árni Árnason og Jón Ingimundarson, framanskráða virðingargerð sína á jörðunni Grashóli með eiði er þeir unnu í aukarjetti Þingeyjarsýslu að Brekku í Núpasveit hinn 12. júní 1919.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, Húsavík 17. júní 1919.

Steingrímur Jónsson.

ÚTDRÁTTUR

úr aðalfundargerð sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu 13-14 apríl 1915.

.....................................................................

21. Lesin umsókn Jóhannesar bónda Friðbjarnarsonar á Grashóli til stjórnarráðsins um að fá ábýlisjörð sína keypta.
Sýslunefndin lítur svo á, að 2. gr. laga nr. 31, frá 20. okt. 1905 sje því ekki til fyrirstöðu að jörð þessi sje seld ábúandanum. En jafnframt vill nefndin taka fram, að þar sem Grashóll er hjáleiga í Raufarhafnarlandi, sje sjálfsagt að gerð verði, áður en salan fer fram, fullkomin skifti á landi milli þessara tveggja býla.

.....................................................................

Rjettan útdrátt staðfestir.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, Húsavík 21. júní 1915.

Steingrímur Jónsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr 25

Herra alþingism. og forseti Benidikt Sveinsson

(Alkunnugt er Akurnes[illegible])

Reykjavík

án þess að ég ætli að ala hann

nokkrar nætur — að ala [illegible]

ætla auð annað [illegible] — Arngrímur Jóns[illegible]

[illegible] 1854

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útdráttur úr
fasteignamatsbók Þingeyjarsýslu.
Fasteignamat í Presthólahreppi 1918.

7. Presthólar kirkjustaður

Landamerki eru talin: . . . . . .

. . . .

Afgjald kr. 120. – 3 kúgildi
Mannvirki girðingar og túnslétta kr. 500. –
Áhöfn 3 kýr, 290 ær 50 sauðir, 64 lömb, 6 hestar. – Aðfengið engi
Jarðarhús kr. 1400,00, Hús ábúenda kr. 1700. –
Eigandi Presthólakirkja
Ábúandi séra Halldór Bjarnarson
Mat. Jörðin án húsa kr. 4500,00. – Jarðarhús kr. 1400. –

—"—

8. Hatastaðir

Hjáleiga frá Presthólum, óskift land við heimajörðina:

. . . .

Afgjald: 1 sauðar vgl. og 2 teigslættir. 1 kúgildi. Engin hús fylgja.
Áhöfn. 1 kýr, 100 ær 25 lömb, 2 hestar. Engi aðfengið
Eigandi Presthólakirkja.
Ábúandi Benjamín Jósefsson. Hús hans kr. 600,00 Hús annara kr. 350,00
Mat: Jörðin húslaus kr. 1200.00.

Réttan útdrátt staðfestir
Skrifstofu Þingeyjarsýslu 31. jan. '24
J. Havsteen

ÍSLAND 50 au STIMPILMERKI
31/1 24 Kr 1.50 J.H.

Sýslumaðurinn ... Þingeyjarsýslu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Samningur
## um útróður og skálagerð í Dritvík undir Jökli.

Hlutafélagið „Afli" í Dritvík undir Jökli og Þorgrímur Sveinsson útvegsbóndi (skipstj.) í Hafnarfirði (Reykjavík) gerum svofeldan samning:

1. h/f Afli heimilar Þorgrími Sveinssyni að setja skálatóft í Dritvík 14 alna langa, og að byggja yfir svo að hæft sé til búðarvistar þriggja ~~þriggja manna~~ báta skipshafna. Skal tóft þessi gerð á föst við tóft h/f Afla austanmegin, svo að sameiginlegur sé annar hliðveggur og kosta hvorirtveggja hann sameiginlega að jöfnu.

2. Ennfremur heimilar h/f Afli Þorgrími Sveinssyni að setja tóft og byggja yfir til saltgeymslu og fisksöltunar útgerð sinni til handa. Skal ~~útgerð~~ tóft þessi vera 10 alna löng og standa landmegin við saltgeymsluhús h/f Afla, svo að sameiginlegur sé annar hliðveggur, svo langt sem tóft Þorgríms nær og kosta hvorirtveggja þann vegg að jöfnu.

3. Rétt skal Þorgrímur Sveinsson hafa til þess að verka og þurka fisk af þrem bátum sínum á Dritvíkurmöl eða öðrum fiskreitum í Dritvík, sem formaður h/f Afla ~~[illegible]~~ vísar til, gegn ~~100 [illegible]~~ einnar krónu eftirgjaldi fyrir hvert skippund sem verkað er.

4. h/f Afli og Þorgrímur Sveinsson gera hérmeð ennfremur samning með sér um það að gera saman tóft að ísgeymsluhúsi við Djúpalón og reisa þak yfir. Ís sá er þar er geymdur, njóta báðir að jöfnu

5. Fyrir uppsátur þeirra þriggja róðrarbáta, sem Þorgrímur Sveinsson heldur út í Dritvík gjaldi hann h/f Afla 50 krónur fyrir hvern bát um árið.

6. Vilji Þorgrímur Sveinsson auka bátaútgerð sína í Dritvík heitir h/f Afli honum að sitja fyrir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um þau kjör, er það veitir öðrum útvegsmönnum eða hlutafélögum að öðru jöfnu beztar.

Samningur þessi gildir um næstu 5 ár frá 1. apríl 1919.

H/f Afli áskilur sér forkaupsrétt að öllum húseignum Þorgríms Sveinssonar, er að ofan greinir, ef hann vill selja, og skuldbindur sig til að kaupa þau eftir virðingarverði að samningstímanum liðnum, ef ekki takast nýir samningar.

Samningur þessi skal gerður í tvennu eintökum og haldi hvor samningsaðili sínu.

Reykjavík.

Vitundarvottar:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vér undirritaðir eigendur . . . veitum hér með hr. B. Sv. fullt og ótakmarkað einka-umboð um næstu 5 ár til þess fyrir okkar hönd að leigja allan veiði-rétt í ánni N.N. sem tilheyrir jörðum okkar, þannig að leigjandi eða leigutakandi hafi sjálfur aðgang að ánni hvar sem er, leyfi til að setja veiðiskýli eða tjöld í löndum okkar út ána án sérstaks endurgjalds. En greiði skulu leigjendur hagagöngu fyrir hesta sína. — Skal nefndur umboðsmaður hafa leyfi til fyrir okkar hönd að undirskrifa bindandi samninga fyrir leigu í ánni fyrir löndum okkar, þannig, að samningar þessir gildi alt að 25 árum.

Allan kostnað við tilraunir sínar til að leigja ána greiðir umboðsmaðurinn, en hafa skal hann að launum fyrir starfa sinn 25% af ársleigunni ár hvert, en fari leigan fram úr kr. 2000 kr. þá skal hann auk 25% af 2000 kr. fá 50% af því sem um fram er 2000 kr. leiguna árlega.

Umboð þetta er óafturkallanlegt um næstu 5 ár og skal umboðsmanni heimilt að yfir-færa það til annara. — Yfir höfuð skal alt sem ofannefndur umboðsmaður vor gerir í þessu efni hafa sama gildi, sem við hefðum það sjálfir gert. Til staðfestu nöfn vor og nöfn tilkvaddra

vitundarvotta

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eigendur Hólahóla gera Jóhannesi Magnússyni og Kristjáni Jónssyni kost á ábúð í Hólahólum með þeim kjörum (í atalatriðum), sem hér segir:
Jörðin byggist til 8 ára. Ef eigendur þurfa þá jarðarinnar með eða ekki semst um byggingu hennar áfram, þá kaupa eigendur jarðarinnar hús þau, er á jörðinni eru og girðingar, hvortveggja eftir mati óvilhallra manna.
Ef til kemur, að eigendurnir segi upp byggingunni að fjórum árum liðnum, áskilja þeir sér 150 kr. í afgjald af jörðinni ár hvert og dragist það frá andvirði húsa og girðinga. Að öðru leyti eða þangað til greiða ábúendur ekkert eftir jörðina.
Hross mega ábúendur taka til

hagagöngu, en ekki fyrir lægra gjald en 2 kr. um mánuðinn fyrir hvert hross. Áb. Litlalóns $\frac{1}{3}$.

Ábúendur eiga þó 3 álna g ~~[illegible]~~ Litlal. $\frac{1}{3}$ : 1/1

Eigendur stækki og gjalda hæfileg gæzlumannalaun.

Lyngrif bannað.

Dritvík undanskilin.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Litlalóni 27 Október 1918

Hr. Benidikt Sveinsson!

Ég sendi yður byggingarbréfið óundirskrifað, því ég vil ekki skrifa undir það eins og það er. Ég bjóst ekki við svona lögðum skilmálum, eftir loforði Einars Gunnarssonar, þar sem hann lofaði mér ef ég vildi taka jörðina til byggingar - 5 ára ábúð eftirgjalds frítt með öllum reka, og að kaupa með virðingarverði alt sem ég gerði í húsum og jarðabótum þegar ég færi. Undrar mig stórkostlega að þið skilduð senda aðra eins skilmála og eru í byggingar-bréfinu, því það er til stór skammar að allra sanngjarnra manna dómi, að láta annað eins sjást eftir sig, að byggja jörð sem hefur verið í eyði í 50 ár með svona lögðum skilmálum. Ég líð stór skaða og margfalda erfiðleika vegna breitni ykkar við mig

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrst í vor og svo núna. Ég hélt að Einar Gunnarsson væri sá maður sem ekki geyngi á bak orða sinna, svo ég byggði heytóft og fjárhús í Hólahólum mér til hægri verka síðar meir, og til að fá áburð á túnið. en nú orðið of seint að flytja hús og hey heim að Litlalóni. Ætlun mín var að stunda fyrir Aðalstein í vetur, svo hann gæti, hefði ég ekki ráðist í að hafa mínar skepnur suður í Hólahólum, en nú verðum við að vera báðir heima, því ekki hentar fyrir mig að stunda fyrir hann á Litlalóni en mig í Hólahólum. Ef þið viljið breyta skilmálunum og byggja mér jörðina með þeim skilmálum sem Einar Gunnarsson lofaði mér, þá skal ég taka hana, en heldur mun ég selja allar mínar mínar skepnur í vor, en að ganga að þeim skilmálum sem þið nú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bjóðið. Ef þið gefið mér kost á jörðinni þá bið ég ykkur, að gjöra svo vel og láta mig vita fyrir Novembermánaðar lok. Berið Einari Gunnarssyni kveðju mína með þakklæti fyrir þögulegt (en ekki orð heldninna) Með vinsemd og virðingu

Jóhann Magnússon

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra. Benidigt. Sveinsson
Reikjavík. jeg hefi feingið
Biggingar brjef frá ukkur. Einari
Gunnarssini að jeg fái að vera á
Hjá leigunni Litlalóni með 20. kr
Eftirgjald. til ~~2 ára~~ Tvegga ára
enn nýjer fyrst jeg ekki geta
skrifað undir biggingar brjef yðar
nema að jeg fái þau landa
merki sem hafa verið á milli
kólakóla og Litlallóns og þann
reka allan sem því filgir enn
þjer seegið á skila landamerki
milli jarðanna eftir því sem
yður líkar enn það veit jeg ekki
hvar þau landa merki verða
þess vegna skrifa jeg ekki undir
Biggingar brjef yðar fyr enn
jeg veit fyrir víst hvar landa
merkin verða jeg vonast eftir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þjer gerið mjer ekki þá
kosti að jeg verði að fara af
kotinu því á því get jeg ekki
verið ef jeg á ekkert að hafa
nema tún skikan því jeg ljet
byggja nía veggi undir bað-
stofuna í vor og setti nýu
stafgólfi við hana enn eftir
gjaldið undan skorast jeg
ekki að borga eftir kotið
eftir gjaldið sendi jeg yður
með október póstinum og
vonast eftir að þjer sjeð búinn
að fá það jeg ætla að biðja yður
að senda mjer svar fyrir jól
og láta það ekki dragast eins
leingi eins og brjefið sem jeg
skrifaði yður í fyrra haust
konan biður að heilsa yður sömu
leiðis Einari og Frú hans

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Virðingarfillst

Litlalóni 28 októbr 1918
Aðalsteinn Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Eg undirritaður eigandi jarðarinnar* ............................................................ *í* ...................................................

.................................................... *sel hér með og afsala* ...........................................................................

.......................................................................... *eða hverjum þeim, er hann vísar til, öllum rétti til hvers konar náma, er finnast kynnu í ofangreindri eignarjörð minni, alt samkvæmt því sem hér segir:*

*Ævarandi einkarétt til þess að leita að og vinna hverja þá helzt málma, olíu, leir, kalk. kola eða steintegund, er verðmæt kynni að þykja til verksmiðju eða námareksturs. Sömuleiðis vatnsafl alt, er jörðin kann að hafa og nauðsynlegt væri til náma eða verksmiðjureksturs; svo og nægilegt land undir vegi, járnbrautir og byggingar eftir þörfum og sem leiða kann af náma eða verksmiðjurekstri.*

*Skemdir sem kunna að verða á túni og engjum jarðarinnar af vegalagning og öðrum átroðningi, skulu bætast eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki semst um bætur á annan hátt.*

*Fyrir land það, er tekið yrði til bygginga skal greiða árlega af feralin hverri eins og nú er goldið í Reykjavík eftir bygðar og óbygðar lóðir.*

*Fyrir framanskráð réttindi, ef þau reynast svo nýtileg, að námar eða verksmiðja verði rekin á jörðinni, skal rétthafi greiða jarðeiganda*

*Af bréfi þessu, sem má þinglýsa á kostnað rétthafa, skulu tvö samhljóða samrit gerð og heldur rétthafi öðru en jarðeigandi hinu samritinu.*

*Þessu til staðfestu rita eg nafn mitt í viðurvist tveggja vitundarvotta.*

........................................................................ *191*

***Vitundarvottar:***

Ísafoldarprentsmiðja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Snæfellsnessýsla

Breiðavíkurhr.

# Litla-Lón

Suður



Norður

Þýðing merkja:
□ = B. hús
▷ = Mælipunkt.
○ = Rúst

Staður:
Tún 0.9. hekt
Garðar 300 m
[illegible]

M. kv. 1:2000

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Byggingarbréf.

1. Við Einar Gunnarsson og Benedikt Sveinsson báðir til heimilis í Reykjavík, eigendur jarðarinnar Hólahóla í Breiðavíkurhreppi, byggjum hér með Aðalsteini Jónssyni á Litlalóni hjáleiguna Litlalón, sem heyrir til ~~heyrir til~~ jörðinni Hólahólum, frá fardögum 1919 til fardaga 1921, eða um næstu tvö ár.
2. Leiguliði skal hafa öll not af túni og húsum hjáleigunnar og aðrar landsnytjar, sem henni fylgja, með þeim takmörkunum, sem ~~settar~~ eru í bréf þetta.
3. Ársafgjald hjáleigunnar er 20 krónur og skal komið í hendur eigenda fyrir oktobermánaðar-lok hvort árið.
4. Ábúandi skal halda túninu í góðri rækt og ryðja úr því sjávarmöl, sem á það kann að falla.
5. Leiguliði hefir engan rétt til landsnytja heimajarðarinnar, eigi heldur til neins reka og hrossa má hann eigi taka til hagagöngu nema með samþykki landeigenda. Ennfremur áskilja landeigendur sér ~~6.~~ að ákveða landamerki milli hjáleigunnar og heimajarðarinnar þegar þeim líkar.
6. Brjóti leiguliði samninginn í nokkru atriði, smáu eða stóru, þá varðar það útbyggingu.
7. Að öðru leyti fer ábúðarsamningur þessi að öllu ~~leyti~~ eftir lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Rísi málsókn út af samningi þessum eða ábúðinni, þá má reka málið fyrir gestarétti Reykjavíkur og eru málsaðiljar ásáttir um venjulegan stefnufrest.

9. Tvö samhljóða frumrit eru gerð af samningi þessum og heldur sinn málsaðili hvoru.

Til staðfestu nöfn málsaðilja, undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík 11. október 1918.

Vitundarvottar: Einar Jónsson

Baldvin Sveinsson. Benedikt Sveinsson.

Maren Pétursdóttir.

Litlalóni október 1918.

Vitundarvottar:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Byggingarbréf.

1. Við Einar Gunnarsson og Benedikt Sveinsson báðir til heimilis í Reykjavík, eigendur jarðarinnar Hólahóla í Breiðavíkurhreppi, byggjum hérmeð Aðalsteini Jónssyni á Litlalóni hjáleiguna Litlalón, sem heyrir til jörðinni Hólahólum, frá fardögum 1919 til fardaga 1921, eða um næstu tvö ár.
2. Leiguliði skal hafa öll not af túni og húsum hjáleigunnar og aðrar landsnytjar, sem henni fylgja, með þeim takmörkunum, sem settar eru í bréf þetta.
3. Ársafgjald hjáleigunnar er 20 krónur og skal komið í hendur eigenda fyrir októbermánaðarlok hvert árið.
4. Ábúandi skal halda túninu í góðri rækt og ryðja úr því sjávarmöl, sem á það kann að falla.
5. Leiguliði hefir engan rétt til landsnytja heimajarðarinnar, eigi heldur til (neins) reka og hross má hann eigi taka til hagagöngu nema með samþykki landeigenda. Ennfremur áskilja landeigendur sér að ákveða landamerki milli hjáleigunnar og heimajarðarinnar þegar þeim líkar.
6. Brjóti leiguliði samninginn í nokkru atriði, smáu eða stóru, þá varðar það útbyggingu.
7. Að öðru leyti fer ábúðarsamningur þessi að öllu eftir lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Risi málsókn út af samningi þessum eða ákvæðinni, þá má reka málið fyrir gestarétti Reykjavíkur og eru málsaðiljar ásáttir um venjulegan stefnufrest.
9. Tvö samhljóða frumrit eru gerð af samningi þessum og heldur sinn málsaðili hvoru.

Til staðfestu nöfn málsaðilja, undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík 11. október 1918.

Vitundarvottar:

Björn Sveinsson
Maren Pétursdóttir

Einar Gunnarsson
Benedikt Sveinsson.

Litlalóni október 1918.

Vitundarvottar:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla
Stykkishólmi 9. febr. 1924.

Með brjefi yðar, herra alþingismaður, dags. 28. f. m., móttók jeg kr. 514.17 til greiðslu skuldar yðar frá uppboði hjer 6. oktbr. f. á. á 1/4 úr Hólahólum og 1/3 úr Dritvík samkvæmt reikningi mínum til yðar dags. 8. okt. f. á. Hafið þjer þannig fullnægt uppboðsskilmálunum um sölu jarða-parta þessara.

P. V. Bjarnason

Til
herra alþm. Benedikts Sveinssonar
Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur

til herra alþingismanns Benedikts Sveinssonar, Reykjavík,
frá uppboði í Stykkishólmi 6. oktbr. 1923 á eyðijörðum
í Breiðuvíkurhreppi tilheyrandi dánarbúi cand. philol.
Einars Gunnarssonar, Gröf í Breiðuvík.

— " —

Að uppboðinu voru yður sem hæstbjóðanda slegnir
eftirgreindir jarðarpartar:

| | |
|---|---|
| 1/4 Hólahóla á — — — — — — | kr. 510.00 |
| 1/3 úr Dritvík með ítagreini, án húsa | " 50.00 |
| | kr. 560.00 |

Gjöld bætist samkvæmt uppboðsskilmál-
unum:

| | |
|---|---|
| 1) Uppboðslaun í ríkissjóð 2½% af 560 kr. | " 14.00 |
| 2) Innheimtulaun 4% af 560 kr. | " 22.40 |
| | kr. 596.40 |

Á þessum seldu jarðeignum hvíla ekki aðrar
þinglesnar veðskuldir en sú, að jörðin
Hólahólar er með brjefi dags. 20/3 1912
þingl. 4/6 s.á. veðsett Ræktunarsjóði með
1. veðrjetti fyrir upphaflega 450 kr., nú að
eftirstöðvunum samkvæmt upplýsingum frá
gjaldkera Ræktunarsjóðsins kr. 328.92.
Þaraf yfirtekið þjer sem kaupandi að 1/4
Hólahóla fjórðung skuldarinnar, sem gengur
uppí kaupverðið — — — — — — — kr. 82.23

Eftirstöðvarnar kr. 514.17

eiga samkvæmt uppboðsskilmálunum að vera
greiddar hingað fyrir 20. desbr. þ.á.

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla
Stykkishólmi 8. Oktbr. 1923.

P V Bjarnason

Afrit.

# Útskrift

úr

Landamerkjabók Snæfellsness og Hnappadalssýslu.

× × ×

## Landamerkjaskrá

fyrir þjóðjörðina Hólahóla í Breiðavíkurhreppi.

1. Á milli Einarslóns og Hólahóla: úr miðjum Djúpalónssandi í Djúpalón, og þaðan í miðjar hærri Krossabrekkur, og svo í Jökul.
2. Á milli Bervíkur og Hólahóla, úr Naustkletti í Stóra-Reiðhól, og þaðan í fremstu Stakkabrekku.

Litla-Lóni 25. maí 1889.

Daníel Vigfússon.
(ábúandi á Görðum)
Jón Árnason
(umboðsmaður Einarslóns)

Jón Arason
(sem ábúandi á Litla-Lóni)
Jón Jónsson
umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

—

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Byggingarbréf.

1. Við Einar Gunnarsson og Benedikt Sveinsson í Reykjavík byggjum hérmeð Jóhanni Magnússyni í Litlalóni þrjá fjórðu af eignarjörð okkra Hólahóla í Breiðavíkurhreppi frá fardögum 1919 til fardaga 1924 eða um næstu ~~þrjú~~ fimm ár með þeim skilmálum (~~er hér með fylgja~~), er bréf þetta greinir.

2. Jörðin er bygð húsalaus og án álags. Undan byggingu jarðarinnar er skilin hjáleigan Litlalón, aðskilin að húsum og túni og með þeim landamerkjum, er að fornu hafa verið ~~áskilja landeigendur sér að setja landamerki milli hjáleigunnar og heimajarðarinnar þegar þeim líkar~~. Ennfremur undanskilja jarðeigendur sér jaðar sunnan af landeign jarðarinnar, 1000 metra norður fyrir Dritvík og þaðan sjónhending þvert upp í Jökul og land alt þar á milli að landamerkjum Einarslóns, þar með Dritvík og Djúpalónssand með öllum gögnum til lands og sjávar.

3. Leiguliði hefir ~~(leiguliðanot af~~ þriðja reka fyrir þeim hluta landsins, sem honum er bygt (~~alnarkefli og minni~~). Um hvalreka fer eftir ákvæðum Jónsbókar, landsleigubálki 6. kapitula.

[4. Leiguliði greiði í landsskuld 20 dagsverk á ári, er hann vinnur að jarðabótum á jörðinni ár hvert í samráði við eigendur. Skal lagt í dagsverk eftir fyrirmælum landbúnaðarfélagsins. Fyrsta árið mega tilskilin dagsverk ganga til húsagerðar.]

4 5. Leiguliði byggi hús á jörðinni, bæjarhús og fjárhús og flytjist á hana til framhaldandi aðseturs (ekki síðar en á ~~komanda~~ þessu ári.)

5 ~~6~~. Ef leiguliða verður ekki bygð jörðin áfram að liðnum hinum ákveðna leigutíma, ~~þá~~ skulu landdrottnar skyldir að kaupa af honum hús þau, er hann hefir gert á jörðinni, svo og mannvirki þau, sem [hann kann að hafa gert] ~~gerð eru fram yfir tilskilin dagsverk~~), hvortveggja eftir mati. ~~(Frá andvirði~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mannvirkjanna skulu þó dregin dagsverk þau, er leiguliði átti að inna af hendi fyrsta árið, ef hann ver þeim til húsabóta.)

6 7. Ekki má leiguliði taka hross eða fénað til hagagöngu nema með samþykki landeiganda.

7 8. Leiguliða er skylt að sitja jörðina svo vel sem kostur er á, leitast við að koma sem beztri rækt í túnið og varast jarðarspjöll með lyngrifi eða öðru. Brjóti ábúandi samninginn í nokkru, þá varðar það útbyggingu.

8 9. Að öðru leyti fer ábúðarsamningur þessi að öllu eftir lögum um byggingu, ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884.

9 10. Rísi málsókn út af samningi þessum eða ábúðinni, þá má reka málið fyrir gestarétti Reykjavíkur og eru málsaðiljar ásáttir um venjulegan stefnufrest.

10 11. Tvö samhljóða frumrit eru að samningi þessum og heldur sinn málsaðili hvorn.

Til staðfestu nöfn málsaðilja, undirskrifuð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reykjavík 11. okt. 1918.

Einar Gunnarsson.
(Eftir umboði hans
Benedikt Sveinsson.)

Benedikt Sveinsson.

Vitundarvottar:
Maren Pétursdóttir.
Björn Sveinsson.

Litlalóni okt. 1918

Vitundarvottar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur